



Félag íslenskra bifreiðaeigenda  
Runólfur Ólafsson  
Borgartúni 33  
105 Reykjavík

## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjr.is  
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 18. ágúst 2005  
Tilv.: FJR05070026/100-0

Vísað er til erindis yðar, dags. 5. júní 2005, sem barst ráðuneytinu 11. júlí, þar sem farið er fram á að stjórnvöld lækki álögur á bifreiðaeldsneyti.

Í erindinu segir að miðað við verðþróun eldsneytis á heimsmarkaði frá sl. áramótum stefni óðfluga í að tekjuaukning ríkissjóðs af virðisaukaskatti á hið háa eldsneytisverð verði hátt í 500 milljónir króna miðað við eitt ár, og að eldsneytisútgjöld almennings í landinu vaxi um tvo milljarða. Sagt er að eðlilegt sé að ríkisvaldið komi til móts við almenning með því að lækka álögur á bifreiðaeldsneyti, en "geri sér ekki ástandið á heimsmarkaðinum að féþúfu".

Í erindinu er ennfremur bent á að breyta þurfi skattlagningunni á eldsneyti með þeim hætti að ekki séu lagðir skattar á skatta ofan eins og nú sé gert. Skattlagningin sé nú með þeim hætti að ofan á verð eldsneytisins, eins og það kosti komið til landsins, leggist vöru-, bensín- og olíugjöld. Þar á ofan leggist síðan 24,5% virðisaukaskattur þannig að með honum sé verið að innheimta skatt af þeim sköttum og gjöldum sem þegar sé búið að leggja á eldsneytið.

Fjármálaráðuneytið vill koma eftirfarandi á framfæri í tilefni af erindi yðar:

1. Samkvæmt lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., skal greiða 9,28 kr. í almennt vörugjald af hverju lítra af bensíni. Þá skal einnig greiða sérstakt vörugjald, sem af blýlausu bensíni er 32,95 kr. af hverjum lítra en 34,92 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni. Sérstaka vörugjaldið er markaður tekjustofn, sem rennur til vegagerðar samkvæmt vegáætlun en almenna vörugjaldið er nýtt til annarra verkefna ríkissjóðs.

Núverandi skipan þessarar gjaldtöku var komið á haustið 1999 þegar almennu vörugjaldi af bensíni var breytt úr því að vera 97% af tollverði í að vera föst krónutala, 10,50 kr. af hverjum bensínlítra. Hefði fyrra kerfi verið óbreytt og hlutfallslegt gjald enn tekið af bensíni væri

almenna bensíngjaldið í dag um 37 kr. í stað 9,28 kr. Samtals væri þá almenna og sérstaka bensíngjaldið um 70 kr. í stað 42,23 kr. Að teknu tilliti til virðisaukaskatts væru skattar ríkissjóðs á hvern bensínlítra því samtals um 35 kr. hærri en þeir eru í dag og útsöluverð bensíns hærra sem því nemur. Af þessu má sjá að með lagabreytingunni árið 1999 var stigið mjög mikilvægt skref gegn sveiflum í bensínverði af völdum skatta.

Í kjölfar þessarar kerfisbreytingar hefur bensíngjald (almennt og sérstakt vörugjald) lækkað umtalsvert í hlutfalli við meðalútsöluverð bensíns eða úr 48,6% af 95 oktana bensíni árið 1999 í 38,9% árið 2004, sbr. upplýsingar á þingskjali 1396 á síðasta löggjafarþingi, enda hafa þessi gjöld ekki hækkað undanfarin ár í takt við almennar verðlagsbreytingar og því lækkað að raungildi. Raunar ákvað ríkisstjórnin fyrr á árinu að falla frá áformum um hækkun bensíngjalds á þessu ári, en í fjárlögum fyrir 2005 var gert ráð fyrir 350 m.kr. tekjuauka af slíkri hækkun.

Þess er einnig vert að geta - ólíkt því sem oft er haldið fram í opinberri umræðu - að skattar á bensín sem hlutfall af útsöluverði eru síst hærri á Íslandi en algengt er í nálægum löndum. Nánari upplýsingar um það efni má finna í vefriti fjármálaráðuneytisins (fjr.is) 23. júní sl.

Ennfremur er athyglisvert að raunverð á bensíni miðað við launavísitölu er lægra nú en oft áður, sbr. vefrit fjármálaráðuneytisins í dag. 18. ágúst.

2. Heimsmarkaðsverð á olíuvörum hefur hækkað hratt að undanfögnu vegna aðstæðna sem ekki eru á valdi íslenskra stjórnvalda. Þessi þróun á heimsmarkaði leiðir til þeirrar óumflýjanlegu niðurstöðu að verð á eldsneyti hér á landi hækkar eins og annars staðar. Alþjóðlegar eldsneytishækkanir rýra óhjákvæmilega viðskiptakjör þjóðarinnar og virka sem utanaðkomandi skattur á þjóðarþúið allt. Þó hafa framangreindar breytingar árið 1999 komið í veg fyrir að vörugjald af bensíni stjórnist af þróun á heimsmarkaði enda gjaldið nú föst krónutala en ekki hlutfall af tollverði bensíns.

Bent hefur verið á að ríkisvaldið hafi áður breytt gjaldtöku á eldsneyti tímabundið til að draga úr verðsveiflum. Ríkisstjórnin beitti sér fyrir lækkun á bensíngjaldi vorið 2002 með tímabundinni lagabreytingu þegar allar horfur voru á því að um skammvinna hækkun á heimsmarkaði væri að ræða eins og raunin varð. Ekkert sérstakt bendir til þess að nú sé um tímabundna verðsveiflu á eldsneytismörkuðum að ræða.

3. Í lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., kemur fram að gjöld sem lögd eru á samkvæmt lögnum myndi gjaldstofn til virðisaukaskatts.


Rétt er að benda á að virðisaukaskattur er almennur neysluskattur sem er innheimtur af innlendum viðskiptum á öllum stigum, sem og við innflutning á vöru og þjónustu. Skatturinn er fjölstigaskattur og ber að innheimta skatt af heildarandvirði afhentrar vöru og þjónustu. Í því tilviki sem hér um ræðir, þ.e. álagning virðisaukaskatts á eldsneyti, er ljóst að heildarandvirði eldsneytis samanstendur af innkaupsverði og þeim gjöldum sem leggjast á við innflutning þess, þar á meðal vörugjaldi og olíugjaldi. Er þessi framkvæmd í samræmi við meginreglur virðisaukaskattskerfisins.


Í erindi yðar er því haldið fram, eins og áður er rakið, að ríkissjóður fái hátt í 500 milljarða króna tekjuauka á þessu ári vegna virðisaukaskatts af hærri eldsneytisverði. Gjalda verður mikinn varhug við þeirri fullyrðingu. Í fyrsta lagi eru líkur á að úr eldsneytiskaupum dragi vegna hins háa verðs og í öðru lagi má gera ráð fyrir, að öðru óbreyttu, að neyslan flytjist úr öðrum virðisaukaskattsskyldum varningi yfir í eldsneyti þannig að aðrar tekjur af virðisaukaskatti lækki á móti.

4. Meginatriði þessa máls er það að bensínskattar hafa lækkað að raungildi á undanförmum árum og að hætt hefur verið við hækkun bensínjalds í ár.

Ráðuneytið hyggst því ekki beita sér fyrir lagabreytingu í þá veru sem þér óskið eftir.

Fyrir hönd ráðherra

  
Baldur Guðlaugsson

  
Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Afrit: Neytendasamtökin